

GÆÐASTAÐLL UM NÆRINGU OG FÆÐI

STAÐALL:

Að íbúar hjúkrunarheimilisins Sóltúns fái fæði sem uppfyllir kröfur mannelismarkmiða um næringargildi, sé bragðgott, lystugt og fallega framreitt. Íbúar þurfa að fá fæði eftir þörfum hvers og eins.

UPPBYGGINGARVIÐMIÐ:

- Starfsfólk eldhúss búi yfir staðgóðri þekkingu á matargerð, næringarfræði, innra eftirliti og framreiðslu.
- Matseðill Sóltúns verði fjölbreyttur og áhugaverður fyrir íbúa.
- Athugað verði næringarástand íbúa – vigtun – BMI ástand skoðað
- Framkvæma viðhorfskönnun á þjónustu eldhússins reglulega
- Að farið sé eftir hugmyndafræði Sóltúns á matmálstímum .með því skapast heimilislegar aðstæður við borðhaldið, borð eru dúkalögð á matmálstímum, lagt sé fallega á borð og tauservéttur notaðar. Góður matur sem er fallega fram borinn veitir meiri ánægju. Matur verður ekki næring nema við inntöku.
- Til staðar sé næringarteymi þar sem fulltrúi eldhúss og ummönnunaraðilar marki frekari stefnu í næringarmálum.

Starf í stöðugri endurskoðun:

- Matseðill er í stöðugri endurskoðun, leitast verður við að hafa fæðuvalið fjölbreytt og hugað verður að samsetningu máltíða. Eldhúsið leitast við að fá álit og umsögn umönnunaraðila og íbúa. Könnun verður gerð með reglulegu millibili.
- Þjónusta eldhússins er háð sífelldum breytingum og verður reglulega til endurskoðunar.
- Sérfaðisóskir vegna sjúkdóma og sérstakra óska verður í sífelldri endurskoðun í samræmi við þekkingu hvers tíma.
- Símenntun starfsmanna taki stöðugt á þáttum er lúta að bættri þjónustu og betri gæðum í samræmi við hugmyndafræði heimilisins og lög.
- Samskipti eldhúss og sambýla er í stöðugri þróun. Sambýlin eru ábyrg fyrir pöntun á fæði og vörum í aukapöntun. Eldhúsið sér um að panta eða framleiða fæði eftir þörfum hverju sinni. Samvinna milli umönnunaraðila og eldhúss þarf að vera góð til þess að þjónusta Sóltúns verði skv. hugmyndafræðinni.
- Matmálstímar í Sóltúni verði heimilislegir . Borð eru dúkalögð á matmálstímum, lagt sé fallega á borð og tauservéttur notaðar. Góður matur sem er fallega fram borinn veitir meiri ánægju.
- Matarklúbbur íbúa sé starfandi í Sóltúni (sælkeraklúbbur)

FRAMKVÆMDARVIÐMIÐ:

Eftir næringarástandsmat á BMI mælingu eru gerðar viðeigandi ráðstafanir
Meðferðaráætlun sett í gang.

Þar er fræðsla til íbúa sérlega mikilvæg, sem og til aðstandenda. Fjölskyldufundur er
kostur ef á þarf að halda.

Teymi yfirfer samspil heilsufars, mataræðis og umhverfis.

Sérfæðis matseðill er útbúinn af matarfræðingi

Matardagbók – haldin af umönnunaraðila

ÁRANGURSVIÐMIÐ:

- I. Viðmið gæðavísis : BMI sé á bilinu 20-25
- II. Íbúar séu sáttir við matinn, 80-100% þyki hann góður eða mjög góður skv.
viðhorfskönnun.

Aðstandendur séu sáttir við þá þjónustu sem ættingjar þeirra fá, upplifi að
einstaklingsbundnum þörfum ættingja þeirra sé mætt í mataræði.

Útgefinn af næringarteymi Sóltúns 22.02.2005